

7.fundur hreppsnefndar Árneshrepps miðvikudaginn 10.júlí 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn Torfason Melum 1, Bjarheiður J. Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Umferðaröryggismál, svör frá Vegagerðinni og næstu skref.
2. Langtímaleiga á Finnbogastaðaskóla.
3. Bréf frá einum eiganda að Seljanesi.
4. Bréf varðandi kæru til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála.
5. Bréf til Úrskurðarnefndar frá einum eiganda Drangavíkur.
6. Póstur frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi framkvæmdir á árinu.

1. Umferðaröryggismál, svör frá Vegagerðinni. Farið var yfir málin og ákveðið að halda áfram við að fá eitthvað gert sem allra fyrst.
2. Langtímaleiga á Finnbogastaðaskóla. Oddvita var falið að ganga frá því máli.
3. Bréf frá einum eiganda að Seljanesi. Bréfið lagt fram til kynningar.
4. Bréf varðandi kæru til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Málsskjöl lögð fram til kynningar. Lögfræðingur sveitarfélagsins vinnur að málinu.
5. Bréf til Úrskurðarnefndar frá einum eiganda Drangavíkur. Bréf varðandi landamerki og fleira barst skrifstofu Árneshrepps 3.júlí 2019 og urðu nokkrar umræður um málið.
6. Póstur frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi framkvæmdir á árinu lagt fram til kynningar og umræðu.
7. Oddviti bað leyfis að taka fyrir eitt mál til viðbótar sem eru þær framkvæmdir sem fara fljótlega af stað á svæði Norðurfjarðarhafnar. Hvetja þar eigendur gáma, báta, neta og fleira til að fjarlægja sínar eignir tímanlega svo ekki komi til tafa af þeim sökum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:15.

